

## **Stofnun Deltadeildar á Varmalandi í Borgarfirði 2. maí 1987**

Á landsambandsþingi DKG þann 2. maí 1987 – fyrir 30 árum síðan - var Deltadeild á Vesturlandi stofnuð á Varmalandi í Borgarfirði. Hún varð fjórða deildin innan lamsambands DKG á Íslandi á eftir Alfa, Beta og Gamma.

Það var í mikið ráðist að stofna þessa fyrstu dreifbýlisdeild DKG. Svæði deildarinnar var mjög víðfemt – Borgarfjarðardalur, Snæfellsnes sunnanvert, Dalirnir og þéttbýliskjarnarnir Búðardalur, Borgarnes og Akranes.

Ég starfaði á þessum árum sem kennari við Samvinnuskólann á Bifröst. Þegar ég fékk boð um að mæta á kynningarfund Félags kvenna í fræðslustörfum á Íslandi á Hótelinu í Borgarnesi varð ég strax forvitin og dreif mig á fundinn. Þar vorum við mættar nokkrar konur af svæðinu og kannaðist ég við flestar þeirra. Svo komu þær frábæru konur í útbreiðslunefndinni sem ég þekkti frá því þær kenndu mér í kennaraskólanum, Pálína Jónsdóttir, Sigríður Valgeirsdóttir. Þær komu með kynningarbækling, rauðan þrúbrotinn með helstu upplýsingum og svo þennan smitandi áhuga á félagsskapnum.

Ég man að við sátum í stórum rauðum, flauelisklæddum hringsófa á hótelinu eða var hann kannski grænn?, drukkum kaffi og spjölluðum og það varð úr því nokkurs konar töfrastund (moment of truth) við heilluðumst af hugmyndafræðinni og ekki síður boðberum hennar.

Nokkrum vikum seinna vorum við komnar á Landsambandsþing Delta Kappa Gamma til að stofna Deltadeildina. Þingið var haldið í Húsmæðraskólanum á Varmalandi, fallegu húsi sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni og hafði þjónað áratugum saman sem menntastofnun fyrir konur sem vildu efla þekkingu sína og hæfni við hússtjórnarstörf. Hann myndaði einstaklega hlýlega og skemmtilega umgjörð um þingið og stofnun deildarinnar. Við vorum átta Vesturlandskonur sem mættum á þingið. Deildin var stofnuð síðdegis og við vorum teknar inn í hana við hátíðlega inntökuathöfn nokkru áður en veislukvöldverðurinn hófst. Við vorum hálf ringlaðar eftir inntökuna, næstum því feimnar og sumum okkar fannst við hafa verið staddar í eigin fermingu. En við höfðum engan tíma til að velta fyrir okkur þessari reynslu því strax eftir inntökuna vorum við svo lokaðar af í setustofunni og áttum sjálfar að velja okkar fyrstu stjórn og formann. Ekki var heldur mikill tími til bollalegginga um hvaða aðferð við ættum að nota, þessu átti að vera lokið fyrir kvöldmat! Nú leið okkur líkt og við værum í páfakjöri þó ekki gætum við sent frá okkur reykmerki þegar stjórnarkjörinu væri lokið eins og gert er í Vatíkaninu. Þetta var allt mjög ögrandi og nýtt fyrir okkur en við urðum að ljúka þessu verkefni, orðnar svangar og þyrstar og svolítið ringlaðar yfir öllu þessu sem við vorum að upplifa. Engin bauð sig fram fyrstu mínúturnar en svo byrjuðu uppástungur og samningaviðræður. Við vorum þarna allar með hlutleysissvip og reyndum að láta lítið fyrir okkur fara því engin vildi bjóða sig fram í stjórn hvað þá í það hlutverk að vera formaður. Tilfinningin var eins og að þurfa að stökkva út í gruggugt vatn og vita ekkert hvað biði manns! En tímapressan þrýsti á og endaði með því að við mynduðum lista og stjórnin var valin. Sem sagt á örskömmum tíma var þarna mynduð bráðabirgðastjórn til að leiða starfið til að byrja með. Ég segi bráðabirgðastjórn því við vorum ekki lögleg deild - Það þurfti 12 féлага til að deildin væri lögleg svo strax var sýnt að við

## Sigrún Jóhannesdóttir – Deltadeild

yrðum að byrja starf okkar á því að finna fleiri konur og halda framhaldsstofnfund.

Þessar konur voru kosnar í fyrstu stjórnina:

Formaður Sigrún Jóhannesdóttir, 1. varaformaður Kristín Thorlacius, 2.

varaformaður Sjöfn Ásbjörnsdóttir, ritari Helga Tryggvadóttir.

Þegar við opnuðum dyrnar og tilkynntum að komin væri stjórn var tími til að fagna. Þar með vorum við umkringdar þessum dásamlegu konum sem tóku okkur inn í sinn félagsskap, knúsuðu okkur og skáluðu og síðan var sest að kvöldverðinum. Þá kom næsta uppákoma, því var hvíslað að mér að ég ætti að halda ræðu undir borðum fyrir hönd deildarinnar – ég fylltist örvæntingu, hafði ekkert í höndunum annað en hvíta servíettu af borðinu og penna sem ég hafði í veskinu og allar þessar merku konur allt í kring. Hvað átti ég að segja? En þessi veisla var sem betur fer ekki of formleg og slegið var á léttu strengi. Við Deltakonur ávörpuðum og þökkuðum og lýstum hvernig tilfinning það væri að vera komin í þennan félagsskap. Ég á ekki lengur þessa servíettu en ég man að ég ákvað að lýsa tilfinningum mínum við inntökuna og stjórnarkjörið með kímna að vopni. Ég lýsti Delta deild sem misþroska á þessum degi þar sem við hefðum fæðst fyrir tímamann og þyrftum við að bæta aðeins við meðgönguna til að taka út fullan fæðingarþroska en jafnframt taldi ég að við hefðum fermst nokkru áður en við fæddumst. Eitthvað fleira jákvætt tíndi ég til. Jóhanna Karlsdóttir stóð líka upp og lýsti yfir ánægju okkar og trú á bjarta framtíð Deltadeildar. Eftir skemmtilegt borðhald sem Edda Eiríksdóttir, Betakona, stjórnaði af röggsemi var kominn tími til að fara í setustofuna á kvöldvökuna sem landssambandið hafði undirbúið. Þar upplifðum við áfram töfra þessa félagsskapar. Hvatning, vinátta, gleði og skapandi fjör og allt leikið af fingrum fram. Ég man sérstaklega eftir framkvæmdastjóra alþjóðasamtakanna frá Texas, Theresu Fawcheck, sem var gestur á þessu þingi. Hún var orðin nokkuð rosikin, þéttholda og móðurleg kona. Hún hafði týnt öllum farangri sínum við komuna til landsins og átti ekkert til skiptanna. Það hafði gengið á ýmsu við að bjarga málum fyrir hana. En þarna stóð hún í íslenskum þrjónakjól og lýsti öllum hremmingum sínum með svo miklum húmor og kæti að úr varð hið besta skemmtiatriði. Ýmis fleiri atriði voru á kvöldvökunni og kvöldið leið við leik og söng og endaði svo með hópðansi sem Sigríður Valgeirsdóttir stjórnaði af mikilli kunnáttu. Svo var marserað um stofur og ganga húsmæðraskólans með söng, hlátrasköllum og dillandi danstakti! Ef farsímamyndavélar hefðu verið til á þeim tíma mætti sjá skemmtileg myndskreið þar sem virðulegar konur á öllum aldri slepptu fram af sér beislinu. Þær hífðu upp pilsin til að geta hlaupið og dansað upp stiga og ganga hins virðulega hússtjórnarskóla á eftir Sigríði sem var þrautakóngurinn/drottningin. Þarna skynjaði ég að ég var komin í félagsskap sem væri forréttindi að fá aðgang að. Fágætt tækifæri til að fá að vera með hópi af hæfileikaríkum áhrifakonum í menntamálum, bæði á Íslandi og á alþjóðavísu, sem líka leyfðu sér að sleppa fram af sér beislinu og leika sér eins og glöð og frjáls börn þegar tilefni gæfist.

Það er mér algjörlega ógleymanlegt - 1. landssambandsþingið okkar í Deltadeild sem haldið var 2. maí fyrir 30 árum síðan í Hússtjórnarskólanum á Varmalandi!

(Svona man ég þingið – en kannski ekki algjörlega í smáatriðum!).